

**Nd. 674. Tillaga til þingsályktunar**

um launa- og kaupgjaldsmál.

Flutningsm.: Skúli Guðmundsson, Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson,  
Helgi Jónasson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta þing tillögur um reglur fyrir útreikningi á verðbreytingum á íslenskum framleiðsluvörum, sem hafa mætti á hverjum tíma til hliðsjónar við ákvarðanir um laun embættis- og starfsmanna ríkisins og annað kaupgjald í landinu.

**Greinargerð.**

Að undanfögnu hefir oft verið rætt og ritað um nauðsyn þess, að miða laun starfsmanna ríkisins og önnur starfslaun í landinu m. a. við afkomu framleiðendanna, en hinsvegar hefir ekki enn verið fundinn grundvöllur til að byggja á útreikninga á verðbreytingum á íslenskum framleiðsluvörum, sem nota mætti í þessu skyni. Er því hér lagt til, að ríkisstjórnin láti gera tillögur um reglur fyrir slíkum útreikningi fyrir næsta reglulegt Alþingi.